

ATHYGLISVERT FRAMLAG TIL UMhverfismála

Leikskólarnir Álfaheiði, Fífusalir og Furugrund fá viðurkenningu umhverfisráðs 2009 fyrir athyglisvert framlag til umhverfismála. Viðurkenningin er veitt vegna framúrskarandi vinnu og fræðslu til barna varðandi umhverfismál almennt.

Leikskólinn Álfaheiði



Leikskólinn Álfaheiði fékk Grænfánann á degi umhverfis 25. apríl 2008 og hefur starfið gengið mjög vel. Umhverfisnefnd starfar við skólann og eru elstu börnin virkir þátttakendur í nefndinni. Mikil áhersla er lögð á að öll börn leikskólans fái tækifæri til að taka þátt í umhverfisstarfinu og að börnin geti notið og upplifað nánasta umhverfi á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Útivera og gönguferðir um næsta nágrenni skipa því stóran sess í starfi leikskólans. Endurnýtanlegur efniviður er flokkaður og hluti hans nýttur í skapandi starf barnanna. Hringrás náttúrunnar upplifa börnin þegar þau fara með lífrænan úrgang í moltunnur sem verður svo að mold sem nýtt er í beðin. Hlutverk kennaranna er að vera góðar fyrirmyndir, skapa aðstæður og umhverfi þannig að leikgleðin fái að njóta sín.

Leikskólinn Fífusalir



Leikskólinn Fífusalir hóf starfsemi sína á árinu 2001 og var frá upphafi með mikið og gott umhverfisstarf. Haustið 2007 var sótt um að verða skóli á grænni grein og fékk hann afhentan Grænfánann 18. apríl 2008. Í dag gengur verkefnið mjög vel. Með samstilltu átaki og áhuga starfsfólks á verkefninu smitar það áhuga til barnanna sem taka virkan þátt í starfinu. Börnin á deildunum skiptast á að flokka úrgang frá eldhúsinu og taka frá það sem er nýtilegt í starf í leikskólanum. Annan úrgang fara þau með í grenndargáma. Börnin taka einnig þátt í moltugerð, þrifa og tína upp rusl á lóðinni.

Leikskólinn Furugrund



Leikskólinn Furugrund er þáttakandi í Comeniusar verkefni sem heitir Euro-citizens of the future eða evrópubúar framtíðarinnar. Verkefnið byggist á því að hvetja börnin til þess að verða ábyrg fyrir umhverfi sínu. Eitt af markmiðum leikskólanna í þessu verkefni var að fá Grænfánann og var hann afhentur þeim með viðhöfn af umhverfisráðherra 2. júní s.l. Börnin taka virkan þátt í verkefninu t.d. með því að flokka rusl og fara með það í grenndargáma og rækta eigið grænmeti í skólagörðunum. Einnig er mikil endurvinnsla í leikskólanum þar sem gamlir hlutir fá annan tilgang í skrauti og gjöfum til foreldra. Heilmikil vitundarvakning hefur orðið í leikskólanum bæði hjá börnunum og starfsfólki sem fara með þekkinguna heim og vinna þannig áfram að umhverfismálunum.

